

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

nordurland.eystra@logreglan.is

Reykjavík, 25. mars 2025.

KÆRA

Mér hefur falið Fuglaverndarfélag Íslands, einnig þekkt sem *Fuglavernd*, að óska eftir opinberri rannsókn vegna ætlaðra brota á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd auk laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Kærandi Fuglaverndarfélag Íslands, kt. 500770-0159, Reykjavík.

Kærðir



Aðilar, atvik og rökstuðningur

Í samþykktum *Fuglaverndar* er kveðið á um tilgang félagsins, sem er verndun fugla og búsvæða þeirra, með áherslu á tegundir í hættuflokkum á íslenskum eða alþjóðlegum válistum, auk tegunda sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands eða eru lykiltegundir.

Vorið 2024 léti fyrirtækið *Yggdrasill Carbon ehf.* rista upp land á jörðinni Saltvík við Húsavík á varptíma fugla. Um þetta varð umbj. mínum kunnugt vegna fjölmálaumfjöllunar og leitaði þá eftir upplýsingu frá Norðurþingi og sendi í framhaldi þess, 26. nóvember s.l., erindi til Skipulagsstofnunar vegna þess sem sýnist vera brot gegn skipulagslöggjöfinni. Er mál Yggdrasils og fleiri aðila vegna framkvæmda á þremur svæðum á tveimur jörðum í sveitarféluginu nú til meðferðar hjá þeirri stofnun, og aðkoma sveitarfélagsins í því sambandi.

Vegna þess þáttar máls er varðar tímasetningu framkvæmda Yggdrasils á svæðinu sem um ræðir í landi Saltvíkur telur umbj. minn að um sé að ræða refisvert brot.

Er umbjóðanda mínum nauðugur sað kostur að óska opinberrar rannsóknar á því að *Yggdrasill Carbon ehf.* léti vorið 2024 rista upp svæði mófugla innan jarðarinnar Saltvíkur í Norðurþingi.

Um atvik má að nokkru vísa til hugleiðingar er formaður *Fuglaverndar* ritaði 19. ágúst 2024.¹

Efni kæru

Umbj. minn krefist refsingar fyrir ætluð brot gegn lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umbj. telur einnig um að ræða brot gegn lögum nr. 55/2013 um velferð dýra en þar eð brot gegn þeim lögum sæta aðeins rannsókn löggreglu að undangenginni kæru Matvaelastofnunar, er krafa þessi um rannsókn einskorðuð við brot gegn fyrri tveimur lagabálkunum.

¹ Formaður Fuglaverndar birti um helgina perónulega hugleiðingu um skógræktarmálið í Saltvík, nærrí Húsavík, sem má lesa hér. - Fuglavernd.is

Málsatvik eru kunn, en *Yggdrasil Carbon ehf.* eða verktaki á félagsins vegum risti upp um 160 ha landsvæði í landi Saltvíkur í Norðurþing. Sú framkvæmd fór fram á varptíma fugla sumarið 2024 (lok júní og byrjun júlí), sjá einnig ljósmynd í viðhengi kærð og hjálagða álitsgerð Náttúrustofu Norðurausturlands. Er þetta hin kærða háttsemi.

Um er að ræða vel gróið og mikilvægt búsvæði mófugla s.s. rjúpu, heiðlóu og spóa. Bæði heiðlóa og spói teljast til ábyrgðategunda Íslands, eins og upplýst var um áður en hin kærða háttsemi fór fram, sjá einnig forgangslista Náttúrfræðistofnunar um tegundir með háa verndarstöðu². Heiðlóa er auk þess skráð í 1. viðauka Bernarsamningsins sem listar þær tegundir sem aðildarþjóðir skuldbinda sig til að vernda með sértækri búsvæðavernd. Rjúpa er í yfirvofandi hættu skv. válista Náttúrufræðistofnunar og fálki, sem byggir afkomu sína á rjúpu, er í nokkurri hættu³ Segir í hjálagðri álitsgerð orðrétt:

Í Saltvík fóru framkvæmdir sumarið 2024 fram á varptíma (lok júní og byrjun júlí) á grundvelli framkvæmdaleyfis Norðurþings. Á þeim tíma voru mófuglar ýmist enn á eggjum eða með litla unga. Vist er að varp mófuglanna í Saltvík hafi spillst með beinum hætti vegna groddalegrar plægingar mólendisins (hreiður, egg og ungar farist) og pör sem áttu hreiður sem sluppu við plóginn afrækt hreiður sín vegna truflunar. Líkt og tíundað var í fréttum fór hret í byrjun júní 2024 illa með varp mófugla á Norðausturlandi og því hafa framkvæmdir í Saltvík veitt þeim sem hörkuðu af sér eða urpu aftur náðarhöggið, ef svo má segja. Allar þær tegundir sem búast má við að byggi mólendið í Saltvík eru, á grundvelli laga nr. 64/1994, friðaðar á þeim tíma sem framkvæmdir í Saltvík fóru fram á.

Náttúrustofa Norðurausturlands hafði ritaði sveitarstjórn Norðurþings bréf þann 19. desember 2023⁴ þar sem lagst var gegn úthlutun sveitarfélagsins á sínu landi til Yggdrasils til skógræktaráforma í landi Saltvíkur, vegna fuglaverndunarsjónarmiða, sjá málsnúmer sveitarstjórnar 202402029 og fundargerð skipulags- og framkvæmdaráðs 9. janúar 2024. Hinn 4. apríl 2024 veitti sveitarstjórn Norðurþings *Yggdrasil Carbon* allt að einu framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á 160 ha svæði í landi Saltvíkur, mál sveitarfélagsins nr. 2024037.

Um greinda háttsemi telur *Fuglavernd* eftirfarandi lagaákvæði eiga við, auk reglugerðarákvæða þar sem við á:

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

1. gr.

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

6. gr.

Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990 og lög um náttúruvernd.

Ávallt skal gæta fyllstu varkární og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óparfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

² Sjá hér <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

³ Sjá válista <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

⁴ Sjá bréf [displaydocument.aspx \(nordurthing.is\)](https://displaydocument.aspx?displaydocument.aspx(nordurthing.is))

1. til 3. mgr. 21. gr.

- Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfelldar ólögmætar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum.
- Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 17. gr. a. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.
- Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Náttúruverndarlóg nr. 60/2013

2. töluliður 5. gr. Skilgreiningar.

Ábyrgðartegund: Tegund sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á vegna þess að stór hluti útbreiðslusvæðis tegundarinnar á Evrópu- eða heimsvísu er hér á landi eða stór hluti stofnsins á Evrópu- eða heimsvísu heldur hér til að staðaldi eða hluta úr ári.

4. mgr. 17. gr. Réttindi og skyldur almennings.

Sérstök aðgát skal höfð í nánni við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Forðast skal að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

1. og 2. mgr. 31. gr. Akstur utan vega

- Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætta á náttúruspjöllum. Heimilt er að leggja vélknúnum ökutækjum bílbreidd frá vegi ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slysahættu, þó þannig að samræmist ákvæðum umferðarlaga og fyrirmælum yfirvalda um umferðaröryggi.
- Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er við akstur vegna starfa við landbúnað heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka utan vega á landi sem sérstaklega er nýtt til landbúnaðar ef ekki hljótast af því náttúruspjöll. Við eftirleitir er bændum heimilt að sækja sauðfé inn á miðhálendið á léttum vélknúnum ökutækjum, svo sem fjórhjólum, enda verði þeim gripum ekki náð með öðru móti og ekki talin hætta á náttúruspjöllum. Einnig er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, vegalagnir, línlagnir og lagningu annarra veitukerfa, björgunarstörf, lögreglustörf, sjúkraflutninga, rannsóknir, landmælingar og landbúnað, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvíkmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.

b-liður 1. mgr. 90 gr. Refsiábyrgð

- Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef:
 - a. hann framkvæmir eða aðhefst í heimildarleysi nokkuð það sem leyfis eða undanþágu er krafist til samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra,
 - b. hann brýtur ákvæði 1. mgr. 28. gr., 31. gr., 4. mgr. 38. gr., 62. gr., 71. gr. eða 72. gr. eða stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra.
- Nú hljótast af broti skv. 1. mgr. alvarleg spjöll á náttúru landsins og skal maður þá

sæta sektum, að lágmarki 350.000 kr., eða fangelsi allt að fjórum árum, nema brot teljist meiri háttar svo að það varði refsingu skv. 179. gr. almennra hegningarlaga. Lágmarksfárhæð sekta skal taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

- Brot skv. 1. og 2. mgr. varða mann refsiábyrgð ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.
- Gera má lögaðila sekt vegna brots skv. 1. eða 2. mgr. óháð sök fyrirsvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin sömu skilyrðum, enda hafi verið framið brot skv. 1. eða 2. mgr. í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.
- Tilraun til brota og hlutdeild í brotum skv. 1. og 2. mgr. eru manni refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.
- Þegar alvarleg spjöll verða á náttúru landsins við framningu brots skv. 31. gr. eða brot gegn því ákvæði telst sérlega vítabert að öðru leyti má gera upptækt með dómi vélknúið ökutæki sem notað hefur verið við framningu brots, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal hann þó eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

Verður lögaðila samkvæmt ofangreindu gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver tilgreindra aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin sömu skilyrðum. Bæði ásetnings- og gáleysisbrot eru refsiverð skv. 90. gr. náttúruverndarlag.

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, sem ekki eru hluti kæru þessarar

7. gr.

Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber að veita því umönnun eftir föngum.

21. gr.

Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Forðast skal að valda dýrum óparfa þjánungum eða hræðslu.

Í samræmi við ofangreinda atvikalýsingu, gögn og lagatilvísanir er þess krafist að ofangreind háttsemi kærða og eftir atvikum verktaka verði rannsókuð og fyrir hana ákært í samræmi við tilvitnuð lagaákvæði. Auk fyrrgreindra tilvísana er vísað til eftirtalinna gagna með kærunni:

- 1. Viðhengi.** Eyðilögð gróðurþekja í Saltvík, Húsavík. Ljósmynd Áskell Jónsson
- 2. Hjálögð** er úr stjórnsýslumáli Skipulagsstofnunar umsögn Náttúrustofu Norðausturlands dagsett 14. október 2024.

f.h. Fuglaverndar eftir umboði,



Sif Konráðsdóttir, lögmaður

sif.konradsdottir@gmail.com

s. 859 8869

Viðhengi. Eyðilögð gróðurþekja í Saltvík við Húsavík. Ljósmynd Áskell Jónsson

